





Large

82
1896-97
Horgunshjarmann.

Switarblad

1896-97.

I. ár.

Ritstj.: Baldvin Bergvinsson.

Morgunstarinn.

1. ári. A. 1. vetrardag 1896. N^o 1.

Kæru félagsmenn!

Spá er nú sjálfrátt í fyrsta sinn, frá sköpun þessarar veraldar, sem sveita-
bláð heilsar upp á menn í þessum sökum.
Enda hefur íg. átt, að mönnum
verði það fyrst þýtt, að líta upp stórum
augum, þegar „meffan hin unga“ kemur
ur og heilsar upp á menn; þegar
hún bidur í fyrsta skipti gistingar
eða um fylgd til næsta bejar.

Önn gættinnir enu þér allir, kæru
félagsmenn! svo íg. geng. að þú.
sem vissu, að þér lofid litla gættinnir
um að vera sína rótt, ef hann
kemur seint að legi, eða að þér

ljúid honum fylgd; ég geng líka
að því sem vísu, að ef þér með
skynsemi og kurteisni hlustid á mál
hans, þá munu þér alls ekki neita
honum um gestrisni yðar fram-
vegis, ~~með~~ hann heimsekir yður,
heldur þvert á móti segja hann
alltid velkominn.

Ég hef nefnt blaðið Morgun-
stjörnur, sökum þess, að þessi litla
hreyfing, sem við lestrarfélagsmenn
gjörðum með félagskap okkar og
ég með þessu fyrirheitna sveita-
bladi, er sem nýr bjarmi eða ný
birta á hinum sögulega himni
okkar. Þá, þessi litla hreyfing,
okkar, þessi litla byrjun, er sem
litil morgunstjarna, sem leptir þá
hugum upp úr sleppi og andlegu
myrkri, sem hvívetna er þar
sem engin bók og ekkert blað

er fyrir hendi.

Ég vildi því glædur ákka, biðja
og vona, að þessi litla stjarna
okkar félagsmanna, yrði að
fögna dagsljósi, með tíð og tíma,
og sem ljósti oss allum að tak-
marki fróðleiks og menningar.

Þæt ég svo Morgunstjörnuna
þara frá mér og hefja göngu sína
í fyrsta skipti hér um beztina,
með þeirri von, að mönnum
þykki gaman að komu hennar,
og með því trausti, að menn
sýni henni gestrisni og greiddi
fyrir ferðum hennar.

Með vindingu!

Baldur Þerzinnson.

Veitablöðin.

Það er nú orðið allt víða í sum-
um sýslum — t.d.: í Þingeyjar- og
Eyjafj. sýslum — að menn rita og
skrifa sveitablöð, og láta þau svo
gangga bæja í milli, á veturnum.

Þykki mönnum þetta gjöf skemmtun
með öðru fleiru, á hinum dimma
og kalda vetrartíma, þegar frost og
snjór og langar nætur ríkjja yfir
jörðunni. Þau (blöðin) eru líka
mörg orðin nú svo gjömul og full-
þroskad, að þau (eftir því sem slík
blöð geta verið) gefast hart nær
eins gjöf og mörg dagblöðin.

Men safna þessum sveitablöðum
samman og geyma þau. Margir rita
þau all upp, eftir að þau hafa
gengið í millum manna, og binda

eyjarsýslu sem hafa gengið vetur
eftir vetur, langa tíð, og verið frið-
söm. Slík blöð, eiga að vera þessir-
mynd þessa blads, en hin áður-
nefndu, eiga að hugvast sem sker,
sem blöð vort sí að sneiða hjá.

Allt svo, er tilgangur þessa
blads, í stutta máli þessi: að
skemmta lesendurum; fræða þá;
kenna ungum mönnum að hugsa
skynulega og rita laglega; sneiða
þjá allri skurtasi í ritheiti og
svo fró.

Að þá að lesa bláid, á þeim bæj-
um sem því er ætlað að komna við
á, kostar ekki eigna eim egnis;
en í þess stöð, biðjum við alla
lesendur þess, að greiða svo mikið
og vel fyrir gangi þess, sem fram-
ast má verða, og fari svo vel
með þá, sem best þeir geta.

Og að lokum biðjum vér alla þá,
sem treysta sér til, að senda oss vit-
gjörðir í bláid; enn geta þess þess
framt, hvern tilgangur þess er.

Ekki þurfa menn að setja nafn sín
undir vitgjörðir sínar, ef þeir svo
vilja; enn vér þurfum að vita hvern
höfundur er, um hvern veðum ekki
greinin tekur í bláid. Þittgjörð-
ir þar, sem oss eru sendar, skulum
vér lagfæra að stýlskætti og stafa-
gjörð, ef þess er ástæða, og vér þá
þeir um, að gera betur.

Skamit nú fram á vituállir,
menn og konur! og andeynd bláid
vona yðar góðu hjálpa. Minnist
þess, að „meistar hin unga“ er í þess
sku og þess upplýsingar við, og
kledlitið enn fátæk og þess kled-
arar við. Sendid henni þess spjör
við og við.

Og þess ungu menn og ungu stúlkur!
takkid nú vel á móti þess ungu
systur yðar og veynd til, að fátæk
hennar verði eigi af mikil, svo þess
þess ekki á vonarvöl; hjálpað upp
á hana, þess þess þess að kafa í
erjónum til yðar, í vetur —; og um
fram allt, létid hana ekki frjósa
í hel, í vetrarfróstinu sökum kled-
leysis.

Sendum vér svo stjörnunna litlu
til yðar, heidrudu félagsmenn!
viðgjörð þess, að þess þess yðar í
myrkri deyfðar og dvala, og ásk-
um þess, að ekkert skij dragist
upp og skuggi á birtu þess er
þess veitir.

Þittgjörum.

Verið hjálpsamur!

Töllum prestaköllum landsins
er nú verið að safna gjöfum til
fólks þess, er orðið hefur fyrir hin-
um miklu skelfingum í ~~landi~~^{landi}
skjálftasveitunum á suðurlandi,
og eins og annarstaðar, hefur þessu
máli verið hreyft í þessu presta-
kalli og það af presti vorum
sira Björni Jónssyni. Einn sökum
ótíðar á þessu ný-afstadda hausti,
hefa menn hér í fram parti
prestakallsins ekki getað komið
saman, og hefur því gjafabeitni
þessari ekki verið hreyft eins it-
arlega og annars hefði verið.
Hefur því sira Björn mælt til
við oss, að við hreyfðum þessu
máli hér í Silfrastáðasókn,

og vita um, hvada undirtekta
yðu hjá mönnum.

Fyrir þessu sök, álitum við, vel
við eiga, að Margunstjarnan
tæki af oss ómökid og ferri þetta
í tal við lesendur sína.

Við þykjumst vita, að þeir, kann
sóknarmenn! hefði heyrt og lesið
í blöðunum, hina sorglegu sögu
þessara bágotöddu manna, og
komist við af því, hvað þessir
menn hefðu átt búið í harm-
kvælum sínum.

Þá, vissulega hefur þar margur
átt búið og á sjálfsátt em; það
verni því sammarleg þörf og jafn-
framt heilög skylda, allra þeirra
manna sem nokkuð geta, að
taka þátt í kjörum þessara bágo-
stöddu manna, með því að gefa
nokkra cura hinum þurfsandi.

Em þar sem þessar gjafir þurfa
að vera í beinhörðum peningum,
þá virdist það vera mönnum
meir því ómögulegt. Þjör mamma
enn svo hörd, í efnalegu tilliti,
að hver hefur fyllilega nóg með
að sjá um sig og sína. Þringum-
stædur mamma enn sumhverlega
þröngar. Skuldir miklar. Og víst
er um það, að margir vita ekki
hvernig þeir eiga að snúa sér, til
þess, að komast úr skuldaretti
sínu. Svó það er víst ekki van
að menn geti gefid af hinu
litla fé sínu — og allna síst
peninga. Em „sigursell er
göður vilji“, og ekki er ómögulegt
að hugsa sér framkvæmd
í þessu efni.

Það er því tilboða vor, ef
menn vildu hira í sökninni

lata af hendi eitthvað í þessa
átt, að best væri þá að fólk
í hvernju heimili sit af fjáfr
sig, leggdi saman nokkra auna
sem mynduðu til samans dá-
litla heild (svo sem 30 auna
eða 1 króna eða þvinnu) og
skrifadi svo heimilið fjáfr
allri gjäffinni. Þetta geti orðid
þó nokkran krónur af öllum
bejum í sökninni og þetta
geti líka orðid litlir vörugr
leikar fjáfr meim, þar sumt
af fólki þyrfti ekki að gefa
meir enn 5 auna, sumt 10
auna eða 13 og svo frá. Em
það sýndi í heild sími hluta-
tekningu til þeirra bógrstöðlu
og söknin yrði með öðrum
söknunum í gjäfa skjárslumi.

Lika mætti slá öllum gjöf-
unum saman í eitt og stýla
það svo að þetta væri frá
Silfrastadasókn, og nefna þá
engar á nafn, heldur að sókn-
in hafi gefid, og það sýni, að
málinu hafi verið breytt hér,
og menn hafi gefi þvi gaum,
þrátt fyrir öll óþægindi sem
hvíla á mönnum.

Vér höfum stungið upp á þess-
ari gjöfu aðferð, vegna þess, vér
þátum, að fólk getur ekki gefid
og kuma þá sumir illa við,
að 10-20 aurar séu opinber-
lega skrifadur undir nafni sínu.

Em geta menn gefid þvor frá
sér sjálfum, ef menn vilja svo.

Í móti gjöfunum tekur síra
Björn og um leið gefur „hvitt-
ering“ fyrir þer. Líka má

og senda þer ritstjóra þessa
blads, sem afhendir þer þá
prestinum. og skýrir um leið
frá, hvaðan þer séu.

Ekki liggur á þessu, ef svo
stendur á, fyrir em seinnu í vetur,
þvi lengi verða hinir bægstöddu,
þeirra þarfandi.

Og þótt mikid sé gefid þessum
mönnum, bæði hér á landi og
í öðrum löndum, þá verður það
ekki strax sem það skard ver-
ur fyllt, sem jarðskjálftarnir eru
búin að gera í gærd þessara
manna.

Hugsu nú út í þetta, heidrudu
sóknarmenn! Karlar og konur,
ungir og gamlir. — Að taka þátt
í kjörum þeirra manna, sem búið
eiga, er einn hinn fegursti
velgjörningur mannlegrar

scílar og verður, í himni fremstu
röð góðverkanna, tekið til
greina af konungi lífins, þegar
vör allir flytjumst af þessari
veynslunnar jörð upp í ríki
hans á himnum.

Ritstjórnin.

Aferð.

— Góð mín skerdast gleði-föng-
grítt er ferðin langa —

ad mér herdir óláns-töng-
einn ég verð ad ganga.

— Þegar fríðir fyrðar hjá
fákum þíðum víða,

er sem líði um mig þá
ólund stríð með víða.

— Saman standa ónot öll-
allra handa þína:

þessi fjandans tryggða tröll
trunca blandar mína.

Verzlunin og fleira.

Ég er nú orðinn svor gamall, sem
á grönnum má sjá, enn samt get ég
ekki nema þótt gaman af, og fróð-
leyst, ad sjá og heyra hinar marg-
breystilegu framfarir og tilbreyt-
ingar, sem hafa komið fram, á
hinum síðustu tímum.

Þegar ég heyrði sagt frá, ad gefa
etti út sveitablad hér í sókninni
á þessum vetri, sem byrjar í dag,
þá fannst mér sem nýtt blóð
rinna um aðar mínar, ég varð
allur á hjólum og óskadi sátt til
þess, ad ég væri nú orðinn ungur
upp aftur. Því þótt ég þekki
ekki slík blóð, þá get ég þess
merri, ad þau geta sammarlega
orðið hinum uppvaxandi lífi, til
nytsemdar og fróðleiks, gleði og
skemmtana; sem og einnig

hinum eldri. Vildi ég því óska,
að þetta fyrirhugaða blað gæti
orðið langæft og að sem flestir
styrktu það, með því, að senda
ritstjóra þess við og við greinara
í það. Ritstjóranum treysti
ég til hins besta. Hann ~~er~~ þer
gott skyn á ýmsa hluti; er eim
hinu mesti framfaravinur og
velhugsandi maður; ungur og
fjörugur og skrifar manna
best hér; og það sem mest er
um vert, að hann er svo
sérstaklega laginn að láta að
sér hugi manna með lipurd
sinni, og sökum þessa kosta
hans, dærfist ég, að senda blaði
hans þessa fátæku ritgjörð
sem er mitt fyrsta verk í
ritsmíði og verður líklegast
það seinasta, því kræftar

minir enu á förum og hugsun
min orðin sljóf. —

Ég sagði í byrjuninni, að mér
þætti gaman og fróðlegt að sjá
og heyrja tilbreiðingar þessara
ungu tíma. Ég sé, að margt
þer betur nú en fyrrum, vildi
ég því aftur vera orðinn ungur
svo ég gæti flutt huga minn
með framfara stráumnum. Ég
man það, að margt þó illa í minni
ungdæmi. Ég man það, þegar
varla nokkurstaðar scist brú á
áarspernu; ég man það, þegar
skipaferdir voru engar í kring-
um land, aðeins með stórum og
miklum millibílum sem skip
komu á hinum helstu hafnis
landsins, og oft sem siglinga-
leysið gætti hugi manna;
ég man það, þegar að kalla

var engin uppfrætt uppfræðsla
medal alþjóðu; eð man t. d. að
eð var lúlarinn fyrir það, að eð
var að reyna að mynda skrif-
stafi með fjáðurpenna sem eð
festi uppi spítu og hafði blek
úr sóti og vatni. Eð man það,
þegar engum kom til hugar að
slétta eina einustu pípu; og eng-
ann skurð að gera; og engann
gærd að hlada; og húsbygging
var þröng, lág og clinn. Eð man
það, þegar fjárrékt var ekki
einu sinni nefnd á nafn. Eð
man það, þegar menn voru að
berjast um í gamla vefstólum,
og fóru stundum á bæji til þess
að fá lengda spikina sína;
eð man það, þegar gjámbla grút-
arlamparnir gerðu menn berjast
veika; og eð man það, að það

kom fyrir að þurftu að sækja
eld á aðra bæji. Eð man það, að
engin klukka eða úr var á bæ-
um; engar eldavélur; engar sauma-
maskínur; og svo margt og margt
sem eð get ekki upptalið, því
það yrði af langt mál.

Það er því óneitanlega satt, að
margt hefur breyst á þessa veg.
Smekkur og þegundurtilfimming
er nú meir enn áður var. Eð man
það að menn sátu hver í sínu
horni með úreltar hugsanir,
gamlan vana og meidda þeg-
urartilfimmingu og ríkti yfir
höfud andlegur svefn og erf-
tekinn niðursprýktur hugsunar-
háttur. Þá, eð segi það satt, að
eð man eftir öllu þessu.

Énn þótt sumum af okkur gjámbla
mönnum, þykki þessi niji

aldarháttur og þessi framfara
breyting, nokkuð isjárvert í ýms-
um greinum, þá er það þó æfin-
lega mikill munur og stór fram-
farir og kamnir nýir og betri
vegir bæði á grundu og í lundu.
Og þótt sumt af þessu ný-upp-
tekna sé okkur gömlu hörlunum
þremur ógeðfellt, þá verðum við
þyrst að geta þess, að við séum
ekki á „eftir tímanum“ og með
gamlar svefnstýrur í augunum.
Lika mega þá hinir ungu ekki
áskaka okkur, þurr enn þeir enu
vissir um, að þeirra verk séu
fullkomnari. — —

Enn biðum við! — Eftir á að
byggja —, eigi ætlaði að fara
sakknum ordum um verzlun-
ina. — Frh. síðar.

Með sólu.

„Þrísá með sólu“ er gömul og góð bú-
mannsregla. Flestum ber saman um,
að það sé holt, enn fæstis gera nema
jæta það með vörunum. Virðist vera
á algengara, að menn risi seint úr
vekkju og gangi seint til vekkju, einhvern
heldri menn. Eiga og drykkjesid-
irnið sinn þátt í því. Hvelldið þykir
flestum best til fallid að blóta Bac-
hus, ekki sist síðan menn af skárta
tagi, sem kallað er, fóru að fyrirverða
sig að láta sjá sig ölvada á almann-
feri eða um albjartan dag. Myrkur
á best við myrkra verk. Hvelldið
þarist þá tíðum fram á nótt, enda
skynsemin oft ekki við loftin, þegar
svo ber undir, til að vita glögg, hvað
tímanum líður.

Enn meiri brögd enu þó að nætur-
vökum og dagmeltu heltra félks

i öðrum löndum, einkum þess, sem
lífir á að sinum og ekkert vinnur
til gagns sér eða öðrum, heldur hugsa
eingöngu um skemmtunir, enn þær
fara fram á nóttu ekki síður en
degi, og öllu fremur. Það fólk vak-
ir fæst til að drekka, heldur er það
hitt, að það kemst upp á að drekka
af naturvökum. Því fimmst það
þurfa eitthvað til að hressa sig á
og halda sér vakandi, og getur vinnu
eða áfengid vera ráðið til þess, af
gjömlum heimskuvana manna.

Um þetta sjöfélagsmön þeir
húð heimsfræga stórskáld Nord-
manna Björnstjerne Björn-
son ritad eigi alls fyrir löngu í
franskt tímarit. Ímalir hann
lekrum fyrir, að þeir skuli láta
áminntan heilsuspillisósd á-
vittan. Ef mörg þúsund lekner

hröjudu þetta allir í einu út um
himn nemtada heim, mundi það
lagast. — segir hann. Lekrarnir
settu að hröjpa til vor og segja:

„ Hverfid aftur til sólarinnar.
Lífid með sólnni í lofti því,
er hin þeir endurnert. Hún er
frumland fjörs og heilau. Geislar
hennar bera hinum hræðilegu,
ósýnilegu meinvættum, er nefr-
ast bakteríur eða öðrum þess
kyns nöfnum. Af sólnni fá
hugsanir vorar ljós, lit og gleði.

Að yfirgefa sólnna — þetta,
að gera nótt að degi — granclar
heilbu kynslóðarinnar nærri
því eins mikid og áfengid.

Hugsykki, efunarsykki og fölvi
þessarar kynslóðar eru börn
naturinnar. Hverfid aftur til
sólarinnar! (Hleimilisth.)

Hinn mesti ávimmingur.

Svo segir dr. Colomette:

„Fyrir mannskynid allt veri það hinn mesti ávimmingur, bæði líkamlega, andlega og siðferðislega, ef ekki veri til í heiminum nokkur dropi af áfengum drýttkjum“.

„Hinn besti sparisjóður fyrir peninga ungra manna er bindindisheit“ (J. L. Gayler).

Þau eru aðeins 5 bodorðin, ein og fingurnir á hendi lesendanna:

1. Bryta ekki bláid úr formi sínu;
2. láta það ekki blotna;
3. láta það ekki saurgast;
4. láta það ekki rifna og
5. að láta það ganga greiðlega.

Ritstjóri: Baldvin Bergvinsson.

Morgunspjall.

1. ár.

14. nóv. 1896.

N^o 2.

Þau eru aðeins 5 bodorðin, ein og fingurnir á hendi lesandans:

1. bryta ekki bláid úr sínu formi;
2. láta það ekki blotna;
3. láta það ekki saurgast;
4. láta það ekki rifna og
5. láta það ganga greiðlega.

Verzlunin og fleira.

(Frk.) Það var nú einmitt rétt; ég áttáði að tala um verzlunina, eins og hún nú er. Önnur í hvert